# BRÝNIÐ

6. árg. 1. tbl Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð febrúar 2001

## Iðnlærðir myndskerar á 20. öld

Hér birtum við drög að skrá yfir þá myndskurðarmeistara, sem hafa tekið nema í iðninni og kennt til sveinsprófs og nöfn nemanna.
Þessa skrá tók Hannes Flosason saman (eftir minni), Sveinn Ólafsson bætti síðan við því sem hann vissi um, og ekki var með í skránni. Það væri þakksamlega þegið, að þeir sem vita eitthvað frekar um iðnlærða myndskera og nema þeirra og ártöl og á erindi í þessa upptalningu, kæmu því á framfæri við ritnefndina, Sigurð Kristjánsson, sigkrist@centrum.is eða í síma 5534399.

**Stefán Eiríksson**, 1862-1924 (kenndi 1905-1924).
Nemar:
Ríkharður Jónsson
Jóhannes Helgason
Geir Þormar
Halldór Einarsson
Guðmundur frá Mosdal
Eiríkur Stefánsson
Soffía Stefánsdóttir
Ágúst Sigurmundsson
**Ríkharður Jónsson,** (kenndi 1921-1956)
Nemar:
Karl Guðmundsson
Guðmundur Kristjánsson
Hjörtur Björnsson
Marteinn Guðmundsson
Ásmundur Sveinsson
Helgi Angantýsson
Egill Sveinsson
(Jóhann Björnsson frá Húsavík
vann í mörg ár hjá Ríkharði.)
Bjarni Guðjónsson, vann í Vestmannaeyjum, lærði bæði hjá
Ríkharði og Ágústi.
(Gunnlaugur P. Blöndal, mun hafa lært í Kaupmannahöfn)
**Ágúst Sigurmundsson**, (kenndi 1948-1953)
Nemar:
Axel Gestsson
Hannes Flosason,(1 ár)
**Karl Guðmundsson**, (kenndi 1945-1950)
Nemi:
Sveinn Ólafsson
**Guðmundur Kristjánsson**,(kenndi frá 1940-1952)
Nemar:
Friðrik Friðleifsson
Þráinn Árnason
Hannes Flosason (2,5 ár)
**Marteinn Guðmundsson**,(kenndi 1942-1952)
Nemar:
Engilbert Ólafsson
Jón E. Guðmundsson,(brúðugerðarm. um skeið)
Helgi Angantýsson (um skeið)
**Wilhelm Bekkmann**, (kenndi 1950-1954)
Nemar:
Guðjón Ásberg Jónsson
Hannes Flosason (6 mán, lauk námi 1954)
**Friðrik Friðleifsson**
Nemi:
Sturla Betúelsson
**Sveinn Ólafsson**
Nemar:
Anna Lilja Jónsdóttir, maí 2000
Örn Sigurðsson, maí 2000

Hjá Gamla Kompaníinu vann Eyvind Visur í mjörg ár. (Dani)

Auk þess kenndu Geir Þormar, Guðmundur frá Mosdal, Soffía Stefánsdóttir á námskeiðum. Sveinn Ólafsson kennir í Iðnskólanum og í Kennaraháskólanum (frá 1996) og Hannes Flosason hefur kennt síðan 1972 fjölda nemenda.



## Dagskrá til vors 2001

Félagsfundur verður haldinn **miðvikudaginn 28. febrúar kl.20:00** í kaffistofu ÍSÍ að Engjavegi 6, Reykjavík ( við hliðina á Laugardalshöllinni). **Hannes Flosason** myndskurðarmeistari ætlar að koma á fundinn og segja okkur frá starfi sínu, en hann hefur rekið myndskurðarskóla síðan 1972, og hefur fjöldi nemenda stundað þar nám. Hannes verður með myndir og sennilega myndband líka, í farteski sínu.

Á félagsfundi **þriðjudaginn 27. mars kl. 20:00** á sama stað og að ofan, mun **Lilja Árnadóttir**, safnvörður á Þjóðminjasafninu fjalla um tínur og öskjur.
Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna á báða fundina.

## Vorsýningin 2001

Ákveðið hefur verið að vorsýning félagsins verði haldin laugardaginn og sunnudaginn 21.-22 apríl n.k. kl. 13-17:00 í Safnaðarheimili Háteigskirkju. Félagsmenn eru beðnir að huga tímanlega að útskornum munum sínum fyrir sýninguna. Heiðursgestur sýningarinnar að þessu sinni er **Þráinn Árnason**, myndskurðarmeistari. Nánar verður gerð grein sýningunni í næsta Brýni.

## Jón Adólf sýnir í Stöðlakoti

Félagsmaður okkar, Jón Adólf Steinólfsson hélt nýlega sýningu á verkum sínum í Stöðlakoti, dagana 3-18.febrúar, þar sem hann sýndi 13 trélistaverk. Yfirskrift sýningarinnar var rætur, allt sem tengist rótum, og notaði Jón rætur birkitrjáa til sköpunar ásamt skúlptúr. Þetta var samstæð og skemmtileg sýning og er Jón Adólf hvattur til frekari dáða. Þess má geta og ef til vill sérstaklega fyrir þá sem misstu af sýningu Jóns, að í Skógræktarritinu 2000, 2.tbl. Skógræktarfélags Íslands birtist grein um Jón Adólf ásamt fjölda mynda af trélistaverkum hans.

## Innheimta félagsgjalda

Með þessu fréttablaði eru sendir út innheimtuseðlar til greiðslu félagsgjalda 2000-2001. Félagsmenn eru hvattir til að standa skil félagsgjalda sem fyrst. Minnt er á, að nokkrar verslanir sem selja vörur til tréskurðarfólks gefa afslátt gegn framvísun seðils greiddra félagsgjalda 2000-2001.

## Stjórn félagsins er þannig skipuð:

**Vilhjálmur G. Siggeirsson, form. s. 5537768/8639395**
**Bjarni Þór Kristjánsson, varaform. s. 5684654/6976294**
**Halldór Vilhelmsson, gjaldkeri, s. 5656122**
**Guðmundur K.Guðfinnsson, ritari, s. 5668157/8541257**
**Friðgeir H. Guðmundsson, meðstj. s. 5546775/8616775**
**Í ritnefnd Brýnisins eru: Anna Lilja Jónsdóttir, s. 5538253/8648253, Friðgeir H. Guðmundsson, s. 5546775/8616775 og Sigurður Kristjánsson, s.5534399**


Fra Hopperstad Kirke [Efter Bix.] ¼ St. ca. 1200

*BRÝNIÐ*
Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Birkihlíð 32
105 Reykjavík (s. 553 7768 Vilhjálmur Siggeirsson)
Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð
http://www.islandia.is/~treskurd